

Félagsheimilið í Viðihlíð, 8. apríl kl 17:00.

Dagskrá 84. Héraðsþings USVH 8. apríl 2025



Klukkan 17.00

1. Þingsetning
2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
3. Skýrsla stjórnar og reikningar
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Klukkan 17.30

5. Ávörp gesta

Garðar Svansson frá ÍSÍ, Jón Aðalsteinn frá UMFÍ og svæðisfulltrúar UMFÍ þau Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir. Lagðar fram tillögur fyrir þingið.

Klukkan 18.00

7. Nefndarstörf

Klukkan 19:00

Matarhlé

Klukkan 19:30

8. Ályktanir nefnda

Klukkan 20:00

9. Kosningar

- a. Gjaldkeri til tveggja ára
- b. Varaformaður til tveggja ára
- c. Ritari til tveggja ára
- d. Fyrsti varamaður til eins árs
- e. Annar varamaður til eins árs
- f. Þriðji varamaður til eins árs
- g. Tveir skoðunarmenn til eins árs
- h. Einn skoðunarmaður til vara til eins árs

10. Önnur mál
Klukkan 20:30
11. Þingslit

1. Þingsetning

Sveinbjörg Pétursdóttir formaður setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna, Gestir þingsins eru; Garðar Svansson frá ÍSÍ, Jón Aðalsteinn frá UMFÍ og svæðis fulltrúar UMFÍ þau Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir. Lagðar fram tillögur fyrir þingið. Sveinbjörg ber upp tillögu að þingforseta, Júlíus Guðna Antonsson, samþykkt samhljóða.

2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Júlíus Guðni tekur til starfa sem þingforseti og þakkar það traust sem honum er sýnt. Aðrir starfsmenn þingsins kosnir samhljóða;
Ritarar; Anton Scheel Birgisson og Sara Ólafsdóttir
Kjörbréfanefnd; Pálmi Geir Ríkharðsson, Hrund Jóhannsdóttir og Pétur Þröstur Baldursson.

3. Skýrsla stjórnar og reikningar

Sveinbjörg Pétursdóttir kynnir skýrslu stjórnar. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar USVH).

Ómar Eyjólfsson kynnir reikninga sambandsins (sjá meðfylgjandi ársreikning USVH).

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga, enginn biður um orðið.

Þingforseti biður formann kjörbréfanefndar að gera grein fyrir störfum sínum. Pétur Þröstur kynnir fulltrúa þingsins, seturétt á þinginu eiga 28 fulltrúar og mættir eru 23 fulltrúar og telst þingið því löglegt.

Frá Umf. Kormáki: Birgir Þór Þorbjörnsson, Hrund Jóhannsdóttir, Fanney Dögg Indriðadóttir, Kolfinna Rún Gunnarsdóttir, Ellen Lísbet Guðnadóttir, Valdís Auður Arnardóttir, Kristinn Arnar Benjamínsson, Sara Eir Þorleifsdóttir, Jónína Arney Gunnarsdóttir, Sesselja Kristín Eggertsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Frá Þyt: Pálmi G. Ríkharðsson, Katarína F. Borg, Ingveldur Linda Gestsdóttir, Gréta B. Karlsdóttir, Vigdís Guðmundsdóttir og Valgeir Ívar Hannesson.

Frá Umf. Gretti: Elísabet Sif Gísladóttir og Guðrún Helga Magnúsdóttir.

Frá Umf. Víði: Júlíus Guðni Antonsson, Ægir Jóhannesson, Kristín Heiða Baldursdóttir og Pétur Þröstur Baldursson.

5. Ávörp gesta

Halldór og Sigríður svæðisfulltrúar byrja ávarp sitt á að ræða breytingar á lottóúthlutun og ástæður þeirra, þ.e. nú er lottóúthlutun bundin við íbúafjölda 0-18 ára. Fjalla um svæðisstöðvarnar og áhersluatriði þeirra sem og sterka stöðu íþróttastarfs á Norðurlandi vestra og mikla fjölbreytni þar. Ræða í kjölfarið styrkleika og veikleika, ógnir og tækifæri í starfi og sín helstu verkefni sem svæðisfulltrúar. Þau stefna að því að halda vinnustofu fyrir íþróttta héröðin á Norðurlandi vestra sem og aðra sem hafa áhuga á íþróttastarfi. Einnig að koma að samstarfi félaganna á Norðurlandi vestra.

Jón Aðalsteinn kynningarfulltrúi ræddi um samvinnu UMFÍ og ÍSÍ við skattayfirvöld, lottó breytingar og stofnun svæðisstöðvanna og þær

breytingar sem þeim fylgja. Hann leggur áherslu á samtal og samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar og að félögin láti rödd sína heyrast.

Garðar Svansson flutti kveðju frá stjórn ÍSÍ og annarra svæðisfulltrúa. Hann hvatti félög til að leita til og nýta sér svæðisfulltrúa landsins. Hann fór lauslega yfir störf sín innan íþróttahreyfingarinnar og þá breytingu sem orðið hefur á henni. Hann velti upp spurningunni „Hvað ætla menn að gera með tvö samtök?“ verði að sameiningu við dalamenn. Hann ræddi komandi íþróttahring og miklar breytingar á stjórn ÍSÍ á því þingi og umræðu um lottó. Garðar hvatti sambandið til að skrá það á almannaeillaskrá. Ræddi lög aðildarfélaganna og þörf á breytingum þar, hvatti félögin til að taka þau til skoðunar.

6. Nefndarstörf, nefndir taka til starfa

Fundarstjóri fór yfir hugmyndir að lagabreytingum og tillögum stjórnar USVH. Þingið samþykkti tillögurnar og eru lög USVH ásamt reglugerð um styrktarsjóð USVH eftirfarandi.

Lög USVH

1. Sambandið heitir Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga, skammstafað USVH. Heimili þess og varnarið skal vera í Húnavetningi Vestra. Formaður og/eða framkvæmdastjóri er málsvári sambandsins út á við í ræðu og riti. USVH er aðili að UMFÍ og ÍSÍ.

2. Tilgangur sambandsins er að sameina krafta hinna einstöku ungmenna- og íþróttafélaga og koma fram sem samnefnari þeirra út á við.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná m.a. með því:

- a) að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð eða aðildarfélög USVH fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins,
- b) að annast samstarf um íþróttamál við sveitarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs,
- c) að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt,
- d) að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði,
- e) að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs,
- f) að staðfesta lög aðildarfélaga,
- g) að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- h) að halda héraðsmót á hverju ári og ákveður héraðsþing nánar hvernig því skuli hagað, að hlutast til um að fyrirlestrar séu haldnir innan félaganna og að styðja og efla allt sem nytsamt og þjóðlegt er, svo sem íþróttir, félagsmál og fleira.

3. Sambandssvæðið er Húnaþing vestra og eiga öll ungmennafélög og íþróttafélög í sveitarfélaginu rétt á að gerast aðilar að sambandinu. Félag sem óskar inngöngu í sambandið sendi stjórn USVH skriflega beiðni um það, undirritaðar af stjórn félagsins og samþykkt á félagsfund. Beiðninni skal fylgja afrit af lögum félagsins. Innganga í sambandið fer fram á næsta héraðsþingi, enda hafi félagið þá undirgengist samþykktir og reglur sambandsins. Lög aðildarfélaga skulu vera í samræmi við lög USVH, UMFÍ og ÍSÍ.

Stjórn sambandsins hefur heimild til að veita félagi bráðabirgðaaðild að USVH fram að næsta héraðsþingi.

Úrsögn úr sambandinu er aðeins lögleg hafi hún verið samþykkt á löglegum aðalfundi félagsins og skal það staðfest á héraðsþingi USVH. Aðili sem gengið hefur úr USVH getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum USVH.

4. Stjórnir sambandsaðila senda starfsskýrslur sínar og félagatal til USVH fyrir 15. mars hvert ár. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðssambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

5. Stjórn sambandsins skipa fimm menn í aðalstjórn, þ.e. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, en þrír eru í varastjórn. Kjörnir eru tveir skoðunarmenn og einn til vara. Kjörtímabil aðalstjórnar sé tvö ár og séu formaður og meðstjórnandi kosnir annað árið, en gjaldkeri, varaformaður og ritari hitt árið.

Varastjórn og skoðunarmenn séu kosnir til eins árs.

6. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til starfa milli funda eftir því sem ástæður standa til.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og fela honum framkvæmd ýmissa verkefna. Stjórnarmenn sambandsins eru ekki skyldugir til að gegna störfum lengur en tvö ár í senn og geta verið lausir jafnlangan tíma.

7. Héraðsþing skal haldið fyrir 1. maí ár hvert og til þess boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara, t.d. með tölvupósti til formanna aðildarfélaga sem þeir staðfesta móttöku á eða á annan sannanlegan hátt. Héraðsþing er aðeins lögmaett að 2/3 fulltrúa séu mættir. Ef skilyrði þessi

eru ekki uppfyllt, skal þing boðað að nýju og sé lögmætt óháð mætingu sé rétt til þess boðað.

Formaður aðildarfélags er sjálfkjörinn á héraðsþing. Þar að auki skal hvert félag hafa rétt til að senda fulltrúa fyrir hverja 50 félaga eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúi er aðeins löglegur á héraðsþingi hafi aðildarfélag sent félagatal inn á félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. mars og skilað starfsskýrslu. Stjórn USVH sendir formönnum félaganna eyðublöð til útfyllingar fyrir kjörbréf, samkvæmt félagatali. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ráði einfaldur meirihluti á héraðsþingi.

Ársreikningar, fjárhagsáætlun, skýrsla stjórnar, tillögur fyrir þing og dagskrá þess skal senda aðildarfélögum minnst viku fyrir héraðsþing. Á héraðsþingi skal taka fyrir skýrslu stjórnar og reikninga, álit kjörbréfanefndar, tillögur lagðar fyrir þingið, nefndarstörf, ályktanir nefnda, kosningar og önnur þau mál sem þingið leggur til.

8. Formenn og fulltrúar aðildarfélaganna hafa atkvæðisrétt á héraðs- og aukapingum. En aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Kjörbréfanefnd skal kosin í upphafi héraðsþings. Kjörbréfanefnd úrskurðar um kjörbréf fulltrúa og lögmæti þingsins. Á Héraðsþingi skal leggja fram starfsskýrslu og endurskoða reikninga sambandsins. Reikningsárið er almanaksárið.

9. Héraðsþing getur skipað nefndir til að hafa forystu um iðkun og keppni í einstökum íþróttagreinum sem stundaðar eru á svæðinu. Nefndum þessum skal afmarkað fjármagn. Skulu þær hafa sjálfstæðan fjárhag og starfa í samvinnu við stjórn sambandsins. Á sama hátt getur héraðsþing falið einu eða fleiri aðildarfélögum sambandsins sama hlutverk.

10. Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Til þess skal boðað með tíu daga fyrirvara. Um fulltrúatölu gilda sömu ákvæði og fyrir héraðsþing. Ákvarðanir aukaþings gilda aðeins fram að næsta héraðsþingi.

11. Sambandinu verður ekki slitið nema á héraðsþingi og því aðeins ef að 2/3 fulltrúar þingsins samþykki þá ráðstöfun. Koma þarf fram í þingboði að slíta eigi sambandinu á þinginu.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars héraðsþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Það þing tekur ákvarðanir um hvernig eigum sambandsins skuli varið.

12. Lögum þessum verður ekki breytt nema á héraðsþingi og þá því aðeins með samþykki a.m.k. 2/3 hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Tillögur til lagabreytinga skal senda stjórn USVH minnst þremur vikum fyrir héraðsþing og skal stjórn USVH senda tillögur sambandsaðilum til kynningar minnst tveimur vikum fyrir þing.

Á aukaþingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar nema að kröfu ÍSÍ og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinna aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

13. Lög þessi öðlast gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Samþykkt á héraðsþingi 8. apríl 2025.

Reglugerð um styrktarsjóð

1. grein

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður USVH og Húnaþings vestra.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afrekshóp, afreksefni og afrekshópa til æfinga og keppni.

3. grein

Stjórn sjóðsins er skipuð aðalstjórn USVH á hverjum tíma.

4. grein

Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall tekna USVH af Íslenskri getspá, samkvæmt ákvörðun héraðsþings USVH hverju sinni ásamt framlagi sveitarfélagsins Húnaþings vestra samkvæmt gildandi samningi hverju sinni ásamt frjálsum framlögum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.

5. grein

Úthlutað er úr styrktarsjóði tvisvar á hverju ári, í apríl og nóvember. Í fyrri úthlutuninni er einungis heimilt að úthluta 50% af áætluðum tekjum sjóðsins ásamt 50% af tekjuafgangi fyrra árs sé hann einhver. Í seinni úthlutuninni er heimilt að úthluta því fjármagni sem eftir er af tekjum ársins og tekjuafgangi fyrra árs sé hann einhver.

Þeim fjármunum sem safnast hafa í sjóðnum og ekki hefur verið úthlutað, má nýta í sérstök verkefni á vegum USVH.

6. grein

Sjóðsstjórn skal halda gerðarbók og þar skulu skráðar allar umsóknir og afgreiðslur umsókna.

Sjóðsstjórnin skal setja sér vinnureglur fyrir sjóðinn á fyrsta fundi.

7. grein

Afreksfólk, afreksefni og afrekshópar sem stunda íþróttagreinar sem viðurkenndar eru af ÍSÍ og uppfylla að minnsta kosti eitt af neðangreindum skilyrðum á rétt á úthlutun úr sjóðnum samkvæmt vinnureglum sjóðsins hverju sinni.

-Eru með lögheimili í Húnaþingi vestra og hafa verið með það í að minnsta kosti 1 ár.

-Hafa keppt undir merkjum USVH eða aðildarfélaga þess í viðkomandi íþróttagrein á síðastliðnum 6 mánuðum.

-Eru ennþá skráð/ur iðkandi/keppandi aðildarfélags USVH í viðkomandi grein.

8. grein

USVH auglýsir eftir umsóknum í Styrktarsjóðinn með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Til að hljóta styrk þarf viðkomandi íþróttamaður og/eða íþróttafélag að sækja um á þar til gerðu eyðublaði, samkvæmt vinnureglum sjóðsins.

Útborganir úr sjóðnum eru samkvæmt vinnureglum sjóðsins.

9. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USVH gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

10. grein

Sjóðurinn er hluti af samstæðu ársreikning USVH. Endurskoðendur USVH eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

Samþykkt á 84. héraðsþingi USVH 8. apríl 2025.

Almennar tillögur frá stjórn USVH

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í komandi verkefnum UMFÍ s.s. Landsmóti 50+ og Unglingalandsmóti.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almennings verkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2024 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2024.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, samþykkir fjárhagsáætlun USVH fyrir árið 2025

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttá- og æskulýðsstarfs.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH að verða fyrirmyndarfélög hjá ÍSÍ.

Júlíus Guðni spyr eftir fleiri tillögum og enginn kveður sér hljóð.

Matarhlé

7. Ályktanir nefnda

Íþróttanefnd. Umræðustjóri er S. Kristín Eggertsdóttir sem kynnur umræður íþróttanefndar en auk hans sátu í nefndinni Valgeir Ívar Hannesson, Gréta Karlsdóttir, Kristín Heiða Baldursdóttir, Fanney Indriðadóttir, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, Sara Eir Þorleifsdóttir, Ellen Lísbet, Guðnadóttir, Valdís Auður Arnardóttir, Jónína Arney Gunnarsdóttir, Kolfinna Rún Gunnarsdóttir.

Tillögur íþróttanefndar:

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í komandi verkefnum UMFÍ s.s. Landsmóti 50+ og Unglingalandsmóti.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almennings verkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Nýjar tillögur frá Íþróttanefnd

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur Sveitarfélagið Húnaþing vestra að styrkja aðildarfélögin með niðurfellingu á leigu á íþróttahúsinu á Hvammstanga sem nemur einni helgi á önn fyrir skipulagða æfingarhelgi eða íþróttamót.

Garðar Svansson kvaðs sér hljóðs og kom með breytingartillögu sem hljóðar eftirfarandi: 84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, skorar á sveitarfélagið Húnaþing vestra að styrkja aðildarfélögin með niðurfellingu á leigu á íþróttahúsinu á Hvammstanga fyrir skipulagða íþróttastarfsemi.

Ómar Eyjólfsson kvað sér hljóðs og var sammála tillögu Garðars.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur USVH að beita sér fyrir bættri aðstöðu uppi í Hvammi.

Ómar Eyjólfsson kvað sér hljóðs og benti á að vinna sé í gangi og að hún muni halda áfram.

Garðar Svansson kvað sér hljóðs og kom með tillöguna að greinin hljómaði eftirfarandi 84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, þakkar sveitafélaginu Húnaþings vestra þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað uppi í Kirkjuhvammi og hvetur til áframhaldandi uppbyggingar starfs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur Húnaþing vestra að bæta aðstöðu fyrir hestafólk í hesthúsahverfinu og á reiðvegum þess.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH að láta ekki tímasetningar æfinga skarast á milli íþróttagreina í skipulögðu barnastarfi.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Allsherjar- og félagsmálanefnd; Umræðustjóri er Sveinbjörg og kynnir hún umræður allsherjarnefndar en auk hennar sátu í nefndinni Vigdís Guðmundsdóttir, Pálmi Geir Ríkharðsson, Pétur Þröstur Baldursson, Elísabet Sif Gísladóttir og Guðrún Helga Magnúsdóttir.

Tillögur allsherjarnefndar;

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH að verða fyrirmyndarfélög hjá ÍSÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fjárhags- og uppstillingarnefnd; Umræðustjóri er Katarina Borg sem kynnir umræður fjárhagsnefndar en auk hennar sátu í nefndinni Ingveldur Linda, Ómar Eyjólfsson, Kristinn Benjamínsson, Birgir Þór Þorbjörnsson.

Tillögur Fjárhags- og uppstillingarnefnd

84. Héraðsþing USVH, haldið félagsheimilinu í Víðihlíð 8. apríl 2025, samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2024 ásamt ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2024.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, samþykkir fjárhagsáætlun USVH fyrir árið 2025.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Nýjar tillögur frá Fjárhags- og uppstillingarnefnd

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, hvetur aðildarfélög USVH að sækja um skráningu hjá almannaheillaskrá Skattsins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, skorar á stjórn UMFÍ og Framkvæmdastjórn ÍSÍ að endurskoða reglur um úthlutun lottó fjármuna til að koma í veg fyrir þá miklu skerðingu sem minni íþróttahéruð og aðildarfélög þeirra hafa orðið fyrir.

Garðar Svansson kvað sér hljóðs og hvatti stjórn USVH til að skila inn greinargerð með til ofanefndra sambanda þegar tillagan verður kynnt samböndunum.

Jón Aðalsteinn kvað sér hljóðs og var ósammála Garðari og nefndi punkta því til stuðnings.

Ómar Eyjólfsson kvað sér hljóðs og var ósammála Jóni og tók dæmi úr héraði.

Garðar Svansson kvað sér hljóðs og tók undir með bæði Jóni og Ómari og tók dæmi úr Dölunum sér til stuðnings og fór einnig lauslega yfir reglurnar og hvernig þær hafa breyst.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Kosningar

- a. Varaformaður til tveggja ára - Halldór Sigfússon bauð sig fram.
- b. Gjaldkeri til tveggja ára - Ómar Eyjólfsson bauð sig fram áfram.
- c. Ritari til tveggja ára - Guðný Helga Björnsdóttir bauð sig fram.
- d. Fyrsti varamaður til eins árs - Birgir Þór Þorbjörnsson bauð sig fram.
- e. Annar varamaður til eins árs - Katarína Borg bauð sig fram.
- f. Þriðji varamaður til eins árs - Kristinn Arnar Benjamínsson
- g. Tveir skoðunarmenn til eins árs - Kristín Ólafsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.
- h. Einn skoðunarmaður til vara til eins árs - Þórdís Helga Benediktsdóttir.

Samþykkt samhljóða

10. Önnur mál

Þingið þakkar Umf. Víði fyrir að halda þingið og fyrir frábæra súpu.

Kristín Eggertsdóttir kvað sér hljóðs og hvatti til meiri samvinnu við eldri borgara í tengslum við íþróttastarf.

Sigríður Inga kvað sér hljóðs úr sæti og hvatti USVH til að skoða verkefnið Bjartur lífstíll og önnur lýðheilsuverkefni.

Garðar kvað sér hljóðs og þakkaði fyrir gott þing. Kom einnig með tillögu um að stofnuð verði laganefnd sem að fer í gegnum lög USVH og aðildarfélaga þess.

84. Héraðsþing USVH, haldið í félagsheimilinu Víðihlíð 8. apríl 2025, samþykkir að stofna laganefnd sem skilar tillögum að uppfærðum lögum USVH og aðildarfélaga fyrir næsta formannafund. Í nefndinni séu formenn aðildarfélaga og fulltrúi USVH. Framkvæmdastjóri starfar með nefndinni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Jón Aðalsteinn kvað sér hljóðs og hvetur hann fólk til að nýta sér sjóðina sem í boði eru, t.d. Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar og einnig að mæta á unglingalandsmót og landsmót 50+.

Sigríður kvað sér hljóðs og hvatti stjórn USVH til að uppfæra upplýsingar á heimasíðunni.

11. Þingslit

Þingforseti gefur orðið en enginn kveður sér hljóðs. Hann þakkar gott og starfsamt þing. Sveinbjörg formaður þakkar að lokum öllum fyrir góða þátttöku á þinginu, þingforseta og riturum góð störf og slítur í kjölfarið þinginu.